

REGLUGERÐ

um úthlutun afgreiðslutíma flugvalla.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Með þessari reglugerð er stefnt að því að afkastageta flugvalla, þar sem flugumferð er mikil, verði sem mest og sveigjanlegust á grundvelli sameiginlegra reglna sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn. Með þessum hætti er stuðlað að aukinni samkeppni á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Gildissvið reglugerðarinnar er nánar skilgreint í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 95/93, um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Lögbært yfirvald og framkvæmd.

Samgöngustofa telst lögbært stjórnvald samkvæmt reglugerð þessari og sér um framkvæmd hennar.

3. gr.

Kostnaður

Samgöngustofu ber að innheimta gjald af rekstraraðila flugvallar sem er tilnefndur sem flugvöllur með með skammtaðan afgreiðslutíma á grundvelli reglugerðar þessarar. Skal gjaldið miðast við raunkostnað sem hlýst af framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Innleiðing gerða.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir ráðsins og Evrópuþingsins og ráðsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94;
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 793/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2004.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 57. gr. c, 3. mgr. 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1050/2008, með áorðnum breytingum, um úthlutun afgreiðslutíma flugvalla.